

239/40

Fundur haldinn í héraðsráði miðvikudaginn 14. feb. 2007 kl. 14:00 á skrifstofu héraðsnefndar.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

1. Byggingareftirlit
 2. Brunavarnir
 3. Grunnskólar
 4. Kvennaskólinn
 5. Skýrsla um viðhald fasteigna
 6. Önnur mál.
-
1. Upplýsingar frá sveitarfélögunum um byggingareftirlit á þeirra svæði liggur nú fyrir. Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum Sveitarfélagsins Skagafjarðar þeim Guðmundi Guðlaugssyni sveitarstjóra og Jóni Berndsen byggingarfulltrúa um hugsanlegt samstarf. Framkvæmdastjóra falið að skrifa Skagfirðingum og óska eftir frekari viðræðum um málið.
 2. Stjórn Brunavarna A-Hún. og fulltrúar Höfðahrepps ásamt slökkvuliðsstjórum eru í viðræðum um framtíðarskipulag brunavarna í sýslunni.
 3. Framkvæmdastjóri hefur átt fund með Kristni Kristjánssyni hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Guðjóni Ólafssyni fræðslustjóri vegna úttektar á grunnskólum. Framkvæmdastjóra falið að skrifa sveitarstjórnnum bréf og kynna tillögur um næstu skref í málinu.
 4. Framkvæmdastjóra Húsafriðunarnefndar Magnúsi Skúlasyni hefur verið falið af menntamálaráðherra að hafa umsjón með endurbótum á Kvennaskólanum. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir fyrir hönd héraðsnefndar.
 5. Lögð fram skýrsla Línuhönnunar um ástand og viðhaldspörf fasteigna í eigu og umsjá héraðsnefndar. Nokkrar umræður urðu um viðhaldspörfina og ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi.
 6. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 15:30.

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Adolf H. Berndsen